

Línuhönnun hf
Ólafur Árnason
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík

2005120060
1000; 9310

Reykjavík, 22. febrúar 2006
/--

Efni: Tenging Hafnarfjarðarveggar við Nýbýlaveg og breikkun Nýbýlavegar, Kópavogi. Ákvörðun um matskyldu.

Vísað er til erindis Vegagerðarinnar og Kópavogsbæjar dags. 18. janúar 2006 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt tenging Hafnarfjarðarveggar við Nýbýlaveg og breikkun Nýbýlavegar í Kópavogi, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13a sbr. lið 10 c í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Kópavogsbæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Kópavogsbæ með bréfi dags. 3. febrúar 2006, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 30. janúar 2006 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 21. febrúar 2006. Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis baðst undan því að gefa umsögn að þessu sinni sökum anna og fyrri aðkomu þeirra á skipulagsstigi málsins.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd.

Fram kemur að framkvæmdin felist í tengingu Hafnarfjarðarveggar inn á hringtorg á Nýbýlavegi með afrein þar sem Skeljabrekka liggur nú. Skeljabrekka muni færast til austurs og tengjast Dalbrekku. Jafnframt sé gert ráð fyrir færslu og breikkun Nýbýlavegar til norðurs á móts við húsin að Nýbýlavegi 2-32. Tvö ný hringtorg verði gerð á Nýbýlavegi, annars vegar á gatnamótum við Auðbrekku og hins vegar á gatnamótum við Skeljabrekku. Samhliða gatnaframkvæmdum verði unnið að breytingum á göngustígakerfi.

Umferð.

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að sé litið til tímabilsins 2004-2012 muni umferð almennt aukast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Aukningin nemi um 15 % á Nýbýlavegi milli Skeljabrekku og Auðbrekku, um 6 % milli Auðbrekku og Birkigrundar, um 25 % á afrein milli Hafnarfjarðarveggar og Nýbýlavegar og um tæp 30 % á Hafnarfjarðarvegi í Kópavogsgjá. Með tilkomu afreinar frá Hafnarfjarðarvegi, sem er hluti þessarar framkvæmdar, muni umferð

frá Hafnarfjarðarvegi að Nýbýlavegi aukast um 50 % á þeim stað.

Fram kemur að sé litið til tímabilsins 2012-2024 er gert ráð fyrir að umferð muni minnka töluvert vegna tilkomu Kópavogsganga og verði svipuð eða minni en hún var árið 2004.

Umferðaröryggi.

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að samkvæmt úttekt á óhöppum og slysum á Nýbýlavegi séu gatnamót og götukaflar á veginum með einna hæsta óhappa- og slysatíðni í Kópavogi. Með fyrirhuguðum breytingum verði ráðin veruleg bót á umferðaröryggi og er sérstaklega reiknað með að slysum fækki þar sem slys eru mun fátíðari á hringtorgum.

Áhrif á loftgæði.

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að gera megi ráð fyrir að loftgæði versni samfara aukningu umferðar um umrætt svæði, sem rekja megi til stækkunar íbúðarsvæða og aukinnar umferðar almennt á höfuðborgarsvæðinu. Framkvæmdaraðili telur að umrædd framkvæmd hafi jákvæð áhrif á loftgæði svæðisins við Nýbýlaveg að því leyti að breytingar á gatnamótum munu leiða til færri stoppa, lausagangur bíla muni minnka og flæði umferðar batna miðað við það sem nú er.

Áhrif á hljóðvist.

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að ætla megi að framkvæmdin hafi lítil áhrif á hljóðvist við Nýbýlaveg eða lækka um rúmlega 1 dB í húsum þar vegna færslu götunnar. Vegna aukinnar umferðar muni hljóðstig milli Skeljabrekku og Auðbrekku hækka um 0,5-1 dB og um 2 dB við iðnaðarhús við Dalbrekku 4. Hvað varði hljóðstig í fyrirhuguðu Lundarhverfi þá muni hljóðstig í einu tilfelli fara yfir 70 dB utan við opnanlegan glugga. Fram kemur að gera þurfi ráð fyrir mótvægisáðgerðum vegna hávaða frá umferð í fyrirhuguðu hverfi. Með þeim verði hávaði undir mörkum í reglugerð um hávaða.

Afrennsli

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að reikna megi með að framkvæmdin bæti afrennismál þar sem ofanvatn af Nýbýlavegi og úr fyrirhuguðu Lundarhverfi verði leitt í settjörn austan Hafnarfjarðarvegar í stað þess að vera leitt beint í Fossvogslæk.

Umhverfisáhrif á framkvæmdatíma

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdinni megi skipta í meginatriðum í tvo áfanga. Fyrri áfangi verði unninn utan núverandi vegstæðis og verði truflanir vegna vinnu við hann í lágmarki. Áfanginn feli í sér gerð nyrðri akbrautar Nýbýlavegar auk afreinar frá Nýbýlavegi að Hafnarfjarðarvegi og gerð tengingar milli Skeljabrekku og Dalbrekku. Í seinni áfanga verði umferð hleypt á þá hluta sem verða fullkláraðir í fyrri áfanga og unnið við að klára syðri akbraut Nýbýlavegar, gatnamót, undirgöng og tengingu Nýbýlavegar við bílastæði. Gera megi ráð fyrir einhverjum umferðartöfum vegna þessa áfanga en þeim megi halda í lágmarki með stuttum framkvæmdatíma. Að auki megi gera ráð fyrir að einstaka tengingar lokist í skamman tíma og umferð fari þá um hjáleiðir. Fram kemur að mestur hluti efnis sem leggist til við framkvæmdir verði nýttur í hljóðmanir og til landmótunar á svæðinu. Aðflutt efni sé áætlað um 80.000 m³.

Samræmi við skipulagsáætlanir.

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdin sé í samræmi við samþykkt aðal- og deiliskipulag á svæðinu.

Fram kemur að meginmarkmið með framkvæmdinni sé að bæta umferðarflæði og umferðaröryggi á Nýbýlavegi, bæta tengingu umferðar við norðurbyggðir Kópavogs og bæta aðgengi fyrir umferð hjólréiðafólks og gangandi vegfarenda á svæðinu.

Framkvæmdaraðili telur að á heildina litið megi telja að fyrirhugaðar framkvæmdir hafi jákvæð áhrif í för með sér.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt.

Enginn umsagnaraðil telur að fyrirhuguð framkvæmd hafi umtalsverð umhverfisáhrif og skuli hún því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Hljóðvist.

Kópavogsbær bendir á að hljóðstig við atvinnuhúsnaði við Nýbýlaveg verði nánast óbreytt. Eins verði umferðarhávaði utanhúss við fyrirhugað Lundarhverfi ekki meiri en svo að unnt verði að uppfylla öll skilyrði um hljóðvist.

Umhverfisstofnun telur að upplýsingar um hljóðvist í fyrirhuguðu Lundarhverfi séu nægjanlega ljósar. Stofnunin ítrekar þó ábyrgð byggingaryfirvalda sveitarfélagsins, heilbrigðisnefndar og framkvæmdaraðila varðandi það að byggingar uppfylli ákvæði um hljóðvist innan sem utan glugga, og um viðeigandi ráðstafanir þar að lútandi.

Umhverfisstofnun telur óheppilegt að ekki skuli hafa verið gerð grein fyrir hljóðvist fyrir sunnan breyttan Nýbýlaveg og bendir á að vegna uppbyggingar í Lundarhverfi eykst umferð miðað við að ekkert hefði þar verið byggt. Stofnunin telur þó ólíklegt að framkvæmdin ein og sér muni hafa það mikil áhrif að hljóðvist versni til mikilla muna á svæðinu.

Umhverfisstofnun hvetur Kópavogsbæ þó til að kanna hljóðstig í íbúðarsvæðum umhverfis Nýbýlaveg þar sem ljóst er að umtalsverð umferð er og verður um veginn. Leiði úttektin í ljós að hávaði sé umfram reglugerðir mælist stofnunin til að heilbrigðisnefnd grípi til viðeigandi ráðstafana.

Frárennsli

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin styðji áætlanir um gerð settjarna sem taki við afrennsli af götum og Lundarhverfi og Nýbýlavegi. Stofnunin veur þó athygli á að fyrirhuguð settjörn er staðsett alveg við áætlað íbúðarhverfi. Settjörninn muni innihalda mengað vatn og mengað set og verði að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að börn leiki sér í, á og við settjörnina.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða tengingu Hafnarfjarðarvegar við Nýbýlaveg og breikkun Nýbýlavegar ásamt tengdum framkvæmdum við lagningu og frágang göngustíga á svæðinu. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13a sbr. lið 10 c í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að fyrirhugaðar breytingar komi til með að draga úr slysatíðni á Nýbýlavegi og bæta umferðarflæði. Tillagan hefur fengið mikla umfjöllun bæði í aðalskipulags- sem og deiliskipulagsferli. Meðal þeirra athugasemda sem þar komu fram voru

áhyggjur íbúa og eigenda verslunar- og iðnaðarhúsnæðis á svæðinu vegna aukinnar umferðar og aukningar á hljóðstigi vegna þess. Af þeim sökum tekur Skipulagsstofnun undir ábendingar Umhverfisstofnunar um að æskilegt sé að kannað verði hljóðstig sunnan við breyttan Nýbýlaveg og reynist hávaði umfram reglugerðarmörk þarf að grípa til viðeigandi ráðstafana. Til að lágmarka umhverfisáhrif á framkvæmdatíma bendir Skipulagsstofnun á mikilvægi þess að lokanir á leiðum verði öllum ljósar með góðum fyrirvara.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar og Kópavogsbæjar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Vegagerðarinnar og Kópavogsbæjar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að tenging Hafnarfjarðarveggar við Nýbýlaveg og breikkun Nýbýlavegar í Kópavogi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Kópavogsbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 27. mars 2006.

Þóroddur Fr. Þóroddsson

Rúnar Dýrmundur Bjarnason

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Kópavogsbær, Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Fornleifavernd ríkisins og Umhverfisstofnun.